

Þá ber og samkvæmt kröfu ákærvaldsins að svipta ákærða ökuréttindum með dómi, en svo sem áður er á drepið og sést í framlögðu sakavottorði, var hann sviptur ökuréttindum til 17. janúar 1963. Hæfileg ökuleyfissvipting nú telst 6 mánuðir frá 17. janúar 1963 að telja.

Samkvæmt niðurstöðum málsins ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakar þessarar.

Hákon Heimir Kristjónsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Karl Þorgeirsson, greiði kr. 3.000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í sex mánuði frá 17. janúar að telja.

Hann skal og greiða allan málskostnað sakar þessarar.

Föstudaginn 7. júní 1963.

Nr. 70/1963. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f
 gegn
 Gunnari M. Steinsen.

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Frávísun endurheimtukröfu. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 7. s. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir hér- aðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur, að því er varðar frávísun málsins frá héraðsdómi og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði svo og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði varnaraðilja, Gunnari M. Steinsen, kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri hinn 18. marz 1961, gegn Gunnari Steinsen, Bólstaðahlíð 14, hér í borg, til endurgreiðslu greiddra skaðabóta að fjárhæð kr. 1.573.38 með 7% ársvöxtum frá 9. september 1960 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómars. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi höfuðstól stefnukröfunnar í kr. 1373.38.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans, en til vara að fjárhæð stefnukröfunnar verði lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að um kl. 14.30 laugardaginn 23. janúar 1960 ók stefndi í bifreið sinni, R 11108, austur Nesveg. Er hann var staddur á móts við húsið nr. 60 við þá götu, hljóp telpan Rós Linda Jósepsdóttir, þriggja ára gömul, í veg fyrir bifreiðina. Telpan varð ekki fyrir neinum verulegum meiðslum. Bifreiðin lenti síðan á girðingu við húsið nr. 60 við Nesveg, og munu nokkrar skemmdir hafa orðið á henni og trjám í garðinum við húsið. Er umræddur atburður varð, var ís á veginum og því hálka. Bifreið stefnda var ekki með snjókeðjur. Bifreiðin

R 11108 var tryggð hjá stefnanda og bætti hann eiganda hússins nr. 60 við Nesveg tjón það, sem hann varð fyrir við umræddan atburð. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til endurheimtu skaðabóta þessara.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að stefndi hafi valdið tjóni á girðingu og gróðri við húsið nr. 60 við Nesveg af stórkostlegu gáleysi. Beri honum því samkvæmt 73. gr. laga nr. 26/1958 að endurgreiða bætur þær, sem stefnandi hafi orðið að greiða af þessum sökum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi valdið tjóni með stórkostlegu gáleysi. Er því haldið fram, að stefndi hafi þvert á móti með snarræði sínu afstýrt yfirvofandi lemstrun á ómálga barni, sem í óvitaskap hafi verið statt í bráðri hættu á fjölfarinni götu.

Eins og fram er komið, reisir stefnandi endurkröfurétt sinn á ákvæði 73. gr. laga nr. 26/1958. Fram er komið, að ekki hefur verið gætt ákvæða 76. gr. sömu laga um beitingu endurkröfuréttar þess, sem stefnandi telur sig eiga á hendur stefnda. Á þessu stigi þykir því ekki verða lagður dómur á mál þetta. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá dómi. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
